Nr. 582 16. maí 2024

# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.**

*Eyvindarholt, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 21. mars 2024 tillögu að deiliskipulagi að Eyvindarholti, L163761. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum þar sem verður heimilt að byggja aðstöðuhús fyrir ferðamenn ásamt 60 bílastæðum. Innan svæðisins verður gönguleið og útsýnisstaður að flugvélaflaki sem komið verður fyrir á svæðinu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Eystra-Seljaland, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 21. mars 2024 tillögu að deiliskipulagi að Eystra-Seljalandi F7, L231719. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 150 herbergja hóteli ásamt starfsmannahúsnæði, hvort á sínum byggingarreit. Heimilt verður að byggja 6.000 m² hótel á tveimur hæðum en hámarkshæð bygginga er allt að 11 m frá gólfplötu. Á starfsmannalóðinni verður hámarkshæð 9 m á einni hæð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 16. maí 2024,*

**Þóra Björg Ragnarsdóttir,** fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. maí 2024